

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 288/1995, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja, með síðari breytingum.**

1. gr.

2. málslíður 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:

Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst skattstjóranum í Reykjavík eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. mgr. 43. gr. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 15. júlí 2002.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Ingvi Már Pálsson.*